

Sp. 188. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]
um ferðamannagjaldeyri.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skipa þriggja manna nefnd, kosna af sameinuðu Alþingi, er undirbúi ráðstafanir til þess, að hér verði komið á sérstökum ferðamannagjaldeyri. Skal að því stefnt, að nefndin hafi tillögur sínar tilbúnar í tæka tíð, til þess að málið geti fengið afgreiðslu á Alþingi því, er nú situr.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að kjör þau, sem erlendum ferðamönnum, er koma hingað til lands, eru búin með því að skylda þá til þess að selja gjaldeyri sinn í íslenskum bönkum á skráðu gengi, eru þeim mjög óhagstæð. Mun láta nærri, að kaupmáttur gjaldmiðils nágrannalanda okkar rýrni um helming, ef honum er breytt í íslenzkan gjaldmiðil á skráðu gengi. Afleiðing þessa verður sú, að þorri erlendra ferðamanna, er til landsins kemur, sér sig tilneyddan til þess að selja gjaldeyri sinn á svörtum markaði. Eru slík viðskipti þjóðinni til mikils vansa og álitshnekkis.

Tillaga sú, er hér liggur fyrir, felur það í sér, að gerðar verði þegar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu. Þótt komið væri hér á ferðamannagjaldeyri, væri slíkt, miðað við núverandi aðstæður, ekki skref í áttina til gengislækkunar. Aðeins lítil hluti gjaldeyrisverzlunarinnar fer nú fram á skráðu gengi, þannig að auðvelt er að selja þann gjaldeyri, er inn kemur á vegum erlendra ferðamanna, til einhverra þeirra nota, að ekki mundi hafa í för með sér frekari verðhækkanir en þegar hlýtur óhjákvæmilega að leiða að þeim ráðstöfunum, er nýverið hafa verið gerðar í efnahagsmálum. Að öðru leyti verður það hlutverk nefndar þeirrar, er hér er lagt til að skipuð verði, að gera um það tillögur, hversu þessu verði haganlegast fyrir komið.